


Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131200094/bs

### Urðunarstaður Dalabyggðar. Tilkynningaskyld framkvæmd. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að hefja urðun óvirks úrgangs í frágenginni malarnámu í landi Hornstaða. Árlega verða urðaðir um 370 m<sup>3</sup> og miðað við það magn mun urðunarstaðurinn endast í um þ. b. 50 ár.

Ráðgert er að ráðast í mælingar til að meta grunnástand við fyrirhugaðan urðunarstað og vöktun á rekstartíma urðunarstaðarins í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 738/2000 um urðun.

Hér er um að ræða tiltölulega lítinn urðunarstað þar sem einungis óvirkur úrgangur verður urðaður í samræmi við fyrrnefnda reglugerð. Umhverfisáhrif urðunarinnar verða vöktuð. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birma Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur